

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 16. febrúar 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-7/2006:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 10. nóvember sl. bað Y, hér eftir líka nefnd álitsbeiðandi, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit varðandi kaup hennar, hinn 25. maí 2005, á baðkeri af fyrirtækinu K, sem nú heitir X. Kaupverðið var kr. 135.000. Álitsbeiðandi hafði áður leitað til Neytendasamtakanna og þau ritað X bréf hinn 12. maí 2006, sem lögmaður fyrirtækisins svaraði með bréfi dags. 6. júní 2006.

Kröfugerð álitsbeiðanda er svo orðuð:

1. Viðurkennt verði að baðker það sem hún keypti af gagnaðila hafi verið haldið galla.
2. Viðurkennt verði að gagnaðila beri að bæta álitsbeiðanda það tjón sem galli á söluvöru hans olli.
3. Viðurkennt verði að umfang tjóns þess sem gagnaðila ber að bæta álitsbeiðanda sé kr. 707.240, ásamt vöxtum frá 20. október 2005 til 12. júní 2006, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Hinn 13. nóvember ritaði kæruneftndin X bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum. Andsvar lögmans X er dagsett 17. nóvember. Nefndin ritaði lögmanni álitsbeiðanda bréf 4. desember og gaf honum kost á því að gera athugasemdir við andsvörin sem hann gerði í bréfi dags. 13. s.m. Hinn 7. janúar sl. ritaði nefndin lögmanni álitsbeiðanda bréf og óskaði eftir því að fá í hendur hinn umdeilda ljóskúpul. Nefndin fékk kúpulinn í hendur ásamt skýringum og frekari athugasemdum álitsbeiðanda, dags. 12. janúar sl. Af því tilefni ritaði nefndin lögmanni X upplýsingabréf hinn 18. janúar sl. og sendi með ljósrít af bréfi álitsbeiðanda frá 12. jan. Hinn 1. febrúar sl. ritaði kæruneftndin aðilum bréf og tilkynnti þeim að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

Nefndarmennirnir Guðrún Björk Bjarnadóttir og Íris Ösp Ingjaldsdóttir voru vanhæfir til meðferðar málsins og tóku varamenn þeirra sæti í nefndinni við afgreiðslu þess.

### **III**

#### **Lýsing álitsbeiðanda á viðskiptunum og rökstuðningur kröfugerðar**

Sem fyrr segir keypti álitsbeiðandi baðkerið 25. maí 2005 og mun hafa fengið það afhent við kaupin. Baðkerið var sett í hús sem álitsbeiðandi var að byggja og sá pípulagningameistari hússins um nauðsynlegar tengingar þess hinn 10. september 2005.

Álitsbeiðandi segir að vart hafi orðið leka í baðherberginu síðar í sama mánuði og hafi byggingarstjóri hússins komist að þeirri niðurstöðu að lekinn kæmi frá undirvatnsljósi sem er í botni baðkersins. Ástæðan hafi verið sú að allt of sterk pera hafi verið í ljósinu og það brætt frá sér kúpulinn sem yfir ljósinu er. Lekinn frá baðkerinu hafi fyllt 3ja lítra skál á 15 mínútum. Lekinn hafi skemmt parket, vegg og loftplötur í húsinu.

Um þetta skrifar álitsbeiðandi skýrslu dags. 12. mars 2006 og kemur þar fram að Z, byggingarstjóri hússins, hafi skoðað lekann sem að framan er lýst og þar sagt að engan annan leka hafi verið að finna eða sjá frá baðkerinu en þann sem frá ljósinu hafi komið.

Álitsbeiðandi segist strax hafa haft samband við seljandann og tilkynnt honum um lekann. Seljandi hafi þá sagt að alls ekki mætti kveikja ljós á baðkarinu nema það væri fullt af vatni. Frá þessu hafi seljandinn aldrei sagt og hæpið sé, enda þótt þetta kynni að vera orsök lekans, að selja baðker sem þurfi slíkrar meðhöndlunar við. Engar leiðbeiningar hefðu fylgt baðkerinu

Álitsbeiðandi segir rafvirkja, á vegum seljanda, hafa komið 23. september og skipt um lok á ljósinu og hert að því. Tveimur dögum seinna hafi sami rafvirki komið og skipt um peru í ljósinu. Í þessu felist viðurkenning á því að búnaður baðkersins hafi verið ófullnægjandi frá upphafi, en seljandinn hafi aldrei neitað því að svo væri.

Í tölvupósti frá álitsbeiðanda til X dags. 28. september 2005 kemur fram að pípulagningamaður hennar hafi prófað baðið fullt af vatni og þá hafi lekið frá niðurfalli og sá leki stöðvaður. Síðar hafi komið mikill leki meðfram undirvatnsljósi vegna hita eða annars galla.

Z, húsasmíðameistari og byggingarstjóri húss álitsbeiðanda, gaf svofellda yfirlýsingu 5. október 2006.

„Í seinni hluta september 2005 tók undirritaður að sér að leita upptaka leka í fasteigninni J. Húseigandi sagðist hafa orðið var við eitthvað vatnshljóð þegar hún var í baði. Þegar baðkerið var dregið fram og fyllt af vatni kom í ljós að það lak með ljósi í baðkerinu. Undirritaður fann engan annan leka og ekki lak með vatnslás baðkersins. Tjónið hafði orðið af völdum lekans, en vatn hafði lekið inn í vegg, inn á gólf á efri hæð hússins og niður á neðri hæð þess.“

Í málinu hefur verið lögð fram álitsgerð Þ, dags. 20. október 2005. Álitsgerðin er svohljóðandi:

„Undirritaður hefur farið og metið hvernig og hvað mikið tjón varð vegna leka á baðkeri.

Samkvæmt minni niðurstöðu varð leki sá sem valdur varð að þessu tjóni á parketi, veggjum og loftklæðningu að pera í ljósakúpli var of sterk og brenndi sig í gegn. Þegar skipt var út perunni og baðkerið dregið fram myndar það skekkju á vatnslás og hann fer einnig að leka sem viðgerðaraðili verður ekki var við.

Það er niðurstaða mín að pípulagningameistarinn Æ sem sá um allar lagnir fyrir húsráðanda hafi skilað allri sinni vinnu og frágangi með sóma.

Eftir að hafa haft samband við tjónamatsmann frá tryggingafélagi og fengið hann til að meta það tjón og gera þær framkvæmdir og til að koma öllu í fyrra horf er heildarkostnaður kr. 552.000 án/vsk.

Skipting kostnaðar:

Parket rauð-eik, fjarlægja eldri parket og nýtt niðurlagt, kr. 495.000.  
Viðgerð á veggjum í svefnherbergi og sjónvarpsherbergi, kr. 37.000.  
Príf og frágangur á loftaplötum í anddyri, kr. 20.000.  
Allar upphæðir án/vsk.“

Lögmaður álitsbeiðanda kveðst byggja á því að viðskipti hennar við seljandann, X, falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Hann telur óumdeilt að baðkerið hafi verið gallað og að seljandi hafi viðurkennt gallann, m.a. með því að breyta ljósabúnaði í baðkerinu. Seljandi hafi gert við gallann en ekki bætt það tjón sem af honum hafi leitt. Á því tjóni beri hann ábyrgð samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 48/2003, en seljandi hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið til annars en gallans á baðkerinu. Hér sé um að ræða stranga sakarreglu með öfugri sönnunarbyrði, sbr. 3. mgr. 34. gr. laganna. Framangreind lagaákvæði leiði til þess að hægt sé að krefjast bóta fyrir allt tjón sem hljótist af skaðsemiseiginleikum söluhlutar.

Umfang tjóns álitsbeiðanda sé sannað með álitni Þ, þar sem fram komi að tjónið nemi kr. 552.000 auk virðisaukaskatts eða samtals kr. 707.240. Þá eigi álitsbeiðandi rétt á því að seljandi greiði vexti af þeirri fjárhæð á grundvelli 8. gr. laga nr. 38/2001. Miðar álitsbeiðandi upphafsdag vaxtakröfu við dagsetningu álitsgerðar Þ 20. október 2005, en þá hafi allt tjón verið að fullu komið fram.

#### IV

#### Andsvör X

Í svarbréfi lögmanns X til Neytendasamtakanna frá 6. júní 2006 segir að í skýrslu sem tjónaskoðunarmaður Vátryggingafélags Íslands hf. hafi samið, eftir að hafa skoðað skemmdirnar hinn 1. október 2005, sé haft eftir verktaka þeim sem komið hafi á staðinn 23. september 2005 að hann hafi hert upp á vatnslás baðkersins og 25. september hafi hann komið aftur og gert við ljósið. Þá segir í bréfinu að það sé álit X að lekin hafi stafað frá vatnslásnum en ekki frá ljósinu og er um það vísað til þess sem haft er eftir verktakanum eftir því sem best verður séð af bréfinu. Í bréfinu er vitnað til tölvupósts, sem lögmaðurinn sendi álitsbeiðanda 24. nóvember 2005, og þar haft eftir verktakanum að lekið hafi með vatnslásnum en smitað með ljósinu. X beri ekki ábyrgð á lekanum með vatnslásnum og þótt smitað hafi með ljósinu hafi það ekki getað valdið neinum skemmdum enda muni slíkur leki þorna nokkuð jafnóðum. Þá kemur fram í tölvupóstinum að frágangur við niðurfallið hafi verið óviðunandi, þar hafi verið op fyrir leiðslur fyrir heitt og kalt vatn og vatn hæglega getað runnið þar niður. Frágangurinn hefði átt að vera með þeim hætti að leki færi í öryggisniðurfall, en alltaf megi búast við einhverjum vatnsgangi í baðherbergjum. Allt bendi til þess að vatnshalli á gólfi baðherbergisins hafi ekki verið réttur og vatn því ekki runnið í öryggisniðurfallið. Þá er því hafnað að kröfur verði byggðar á skýrslu Þ.

Í bréfi sem lögmaður X ritar lögmanni álitsbeiðanda 24. ágúst 2006 er haft eftir rafvirkja að rétt sé að dropað hafi með ljósi í baðkerinu þar sem hlíf hafi aflagast vegna hita. Hlífin hafi líklega ofhitnað er kveikt hafi verið á ljósi án þess að vatn hafi verið í baðkerinu. Eitthvað vatn hafi verið á gólfi af völdum lekans við ljósið, líklega á stærð við matardisk, sem hafi átt að vera skaðlaust. Rafvirkinn hafi dregið baðkerið fram og komist að því að vatnslás hafi verið óhertur sem hann hafi hert. Rafvirkinn hafi látið renna í baðkerið eftir viðgerðina.

Í andsvörum lögmanns X, sem kærunefndin móttók 21. nóvember 2006, er getið sömu atriða og að framan eru rakin. Þar kemur og fram að mótmælt sé yfirlýsingu Z frá 5. október 2006, en hann hafi ekki komið að þessu máli og skýrslan sé gerð ári eftir að atburðirnir áttu sér stað.

Seljandinn hafnar þannig öllum kröfum álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila**

Í athugasemdum lögmanns álitsbeiðanda við andsvörum lögmanns X er því haldið fram að sá aðili sem gerði við ljósið hafi lagað það í fyrra skiptið sem hann kom. Í síðara skiptið hafi hann einungis skipt um peru í ljósinu. Þá er því haldið fram að hefði lekinn stafað frá vatnslás baðkersins, sem sé undir vinstri hlið þess, myndi vatnið hafa flotið út á gólf og þannig hefði orðið þess vart. Ljósið sé hægra megin í baðkerinu, nær veggnum sem lekið hafi inn í. Þá hafnar lögmaðurinn því að það að frágangi hafi ekki verið að fullu lokið í baðherberginu hafi nokkur áhrif á skaðabótaskyldu gagnaðila. Þá er bent á að í bréfi til gagnaðila, dags. 5. júlí 2006, hafi verið skorað á hann að láta sjálfur meta tjónið vildi hann ekki una mati Þ. Því hafi gagnaðili ekki sinnt.

Aðilar hafa fært frekari rök fyrir afstöðu sinni, en með vísun til 31. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa verður ekki gerð frekari grein fyrir þeim, en kærunefndin hefur haft þau til hliðsjónar við úrlausn málsins.

Kærunefndin tekur sérstaklega fram að það sem finna má um hlut tryggingafélaga í gögnum málsins að deilu aðila þykir ekki skipta máli eins og málið er lagt fyrir nefndina, enda engum kröfum beint að tryggingarfélögunum.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins X falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga um 48/2003 um neytendakaup, en viðskipti aðila falla undir þau lög.

Hinn umræddi kúpull, sem kærunefndin hefur fengið til skoðunar, er gerður úr glæru plasti og má lýsa sem loki, u.þ.b. 6 cm í þvermál, með skrúfgangi og þéttihring úr plasti eða gúmmí neðan við skrúfganginn. Þéttihringnum er sýnilega ætlað að vera aðalvörn gegn því að vatn leki úr baðkerinu þá leiðina. Kúpullinn hefur sýnilega orðið fyrir skemmdum vegna hita, sem lýsa sér í því að skrúfgangurinn hefur bráðnað lítillega á einum stað og aflagast. Það er þó ljóst að engu að síður hefur verið hægt að skrúfa kúpulinn af þar sem hann ber þess ekki merki að hafa verið fjarlægður með öðrum hætti. Þéttihringurinn sýnist að mestu hafa haldið lögum sinni, eins og kúpullinn/lokið lítur nú út. Þá hefur lokið skemmst þannig að ávali þess, en hann snýr upp í baðkerið, hefur aflagast og komið eins og lítil skál í hann. Þar hefur þó greinilega ekki lekið í gegn. Þær skemmdir sem að framan hefur verið reynt að lýsa eftir föngum hafa örugglega getað valdið leka. Þó er ólíklegt eftir þeim að dæma að lekinn hafi verið svo mikill sem álitsbeiðandi lýsir, þ.e. að lekavatnið hafi fyllt 3 lítra skál á 15 mínútum, nema þá því

aðeins að lokið hafi ekki verið nægilega vel hert að botni baðkersins. Ættu samkvæmt því að hafa lekið 6-9 lítrar af vatninu hafi vatn verið í baðkerinu í 30-45 mínútur og verður að ætla að það vatnsmagn hefði skilað sér fljótlega í burt með sýnilegum hætti, þótt um það sé ekki hægt að fullyrða.

Samkvæmt gögnum málsins var baðkerið sett niður 10. september 2005. Ekki kemur glöggt fram hvenær álitsbeiðandi varð fyrst vör lekans, en samkvæmt frásögn hennar hefur það verið fyrir 23. september því að þann dag segir hún viðgerðamann hafa komið frá seljanda. Álitsbeiðandi segir og að byggingarstjóri hússins hafi komið fyrir þann tíma og skoðað hvað olli lekanum. Ekki er upplýst hve oft baðkerið var notað á framangreindu tímabili, en ljóst er að það hefur ekki verið lengi í notkun áður en leka varð vart.

Z, byggingastjóri hússins, mun fyrstur manna hafa athugað lekann, eftir því sem séð verður af gögnum málsins, og segir í vottorði sínu frá 5. október 2006 að það hafi verið seinni partinn í september 2005. Í vottorðinu segist hann engan annan leka hafa fundið en frá kúplinum og tekur fram að ekki hafi lekið með vatnslás baðkersins.

Þ var fenginn til að meta tjón af völdum leka frá baðkerinu, segir í vottorði sínu frá 20. október 2005 að orsök lekans hafi verið sú að pera í ljóskúpli hafi verið of sterk og brennt sig í gegn. Í vottorðinu segir enn fremur að við það að viðgerðamaður hafi dregið baðkerið fram hafi myndast skekkja á vatnslás, sem viðgerðamaðurinn hafi ekki orðið var við, og þá hafi vatnslásinn einnig farið að leka. Ekki er ljóst hvort hér er átt við Z eða viðgerðamanninn sem frá seljanda kom. Samkvæmt því sem fram kemur í andsvörum X þá kom viðgerðamaður á vegum fyrirtækisins 23. september 2005 til að athuga lekann. Hafi hann þá hert upp á vatnslás baðkersins og síðar komið og gert við ljósið. Eftir þessum verkataka er haft að lekinn hafi stafað frá vatnslásnum, sem hafi verið óhertur, en ekki frá ljósinu. Vatn hafi aðeins smitað frá því. Ekki kemur glögglega fram hvort viðgerðamaðurinn fyllti baðkerið til þess að skoða hve mikið læki með ljósinu.

Í kröfubréfi lögmanns álitsbeiðanda til X frá 5. júlí 2006 segir að við það að viðgerðamaður seljandans hafi dregið fram baðkerið til þess að skoða ljósið hafi vatnslás baðkersins losnað lítillega.

Í tölvupósti álitsbeiðanda 28. sept. að pípulagningamaður hafi prófað kerfið fullt af vatni og þá lekið frá vatnslás. Ekki er ljóst hver þessi pípulagningamaður var.

Þá er á það bent af hálfu álitsbeiðanda að ljósið í baðkerinu sé nær veggnum sem rann inn í en vatnslásinn fjær og hefði leki frá honum átt að renna út á gólf baðherbergisins og þá ekki niður vegginn.

Hefur nú verið rakið það helst sem fram kemur í gögnum málsins um orsakir lekans sem kom frá baðkerinu. Að áliti kærunefndarinnar er ljóst að lekið hefur með ljóskúplinum í baðkerinu vegna þess að hann skemmdist þar sem of sterk pera var í ljósinu. Það að of sterk pera var í ljósinu, og álitsbeiðandi fékk engar viðvaranir frá seljanda þar að lútandi, verður að meta seljanda til sakar. Það er að vísu ekki upplýst og umdeilt er hve mikill þessi leki var en engu að síður telur kærunefndin að yfirgnæfandi líkur á að hann hafi valdið tjóni. Rétt er að benda á í þessu samhengi, vegna þess sem haldið er fram af hálfu seljanda, að það firrir hann ekki sök, sé leki í baðkeri honum að kenna á annað borð, að baðherbergi hafi ekki verið fullfrágengið og því hafi vatn frá leka farið annað en um öryggisniðurfall. Kaupandi á að geta treyst því að baðker haldi vatni og það megi taka í notkun þótt að baðherbergið sé ekki frágengið.

Að því er hugsanlegan leka frá vatnslásnum varðar fullyrðir byggingarstjóri hússins, sem fyrstur manna skoðaði lekann, að þá hafi ekki lekið með vatnslásnum. Viðgerðamaður stefnanda segir hins vegar að með vatnslásnum hafi lekið þegar hann kom til þess að skoða ummerki, en það var eftir að byggingarstjórinn hafði komið á staðinn. Kærunefndin verður að telja ósannað að vatnslásinn hafi lekið frá þeim tíma að baðkerið var sett niður þar til farið var að skoða lekann sem frá ljósinu stafaði, en nefndin telur, eins og fyrr segir yfirgnæfandi líkur á að sá leki hafi valdið tjóni. Þótt vera kunní að lekið hafi með vatnslásnum eftir að hreyft við baðkerinu, er engu að síður ljóst að lekatjón hafði orðið fyrir þann tíma og vafasamt er að tjónið hafi aukist að einhverju marki við þann leka frá því sem orðið var. Valdsvið kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa nær ekki til þess að kalla menn fyrir sig sem vitni. Nefndin telur ólíklegt að frekari öflun skriflegra gagna en sú sem farið hefur fram myndi þjóna nokkrum tilgangi. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu og því sem að framan segir um orsakir lekans er það niðurstaða nefndarinnar að sannað sé að leki frá ljósinu hafi valdið tjóni og að X hafi ekki sýnt fram á með nægjanlegum hætti að tjóns álitsbeiðanda verði rakið að einhverju leyti til mistaka eða vanrækslu af hálfu álitsbeiðanda, sbr. 2. mgr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 48/2003. Samkvæmt þessari niðurstöðu á álitsbeiðandi rétt á bótum úr hendi seljanda, X, sbr. e lið 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 33. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 33. gr. segir að um fjárhæð bótanna fari samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Álitsbeiðandi hefur látið meta tjónið til fjár. Af hálfu X hefur því mati verið mótmælt fyrst og fremst á þeim forsendum að skaðabótaskylda sé ekki fyrir hendi. Kærunefndin hefur ekki forsendur til að vefengja mat Þ. Því er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti byggt bótakröfu, kr. 707.240, á hendur seljanda á þessu mati, eins og hann gerir, og að X beri að greiða álitsbeiðanda þá fjárhæð í skaðabætur.

Álitsbeiðandi gerir kröfu um að X greiði vexti af framangreindri fjárhæð frá 20. október 2005 til 12. júní 2006 og dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Í lögum nr. 48/2003 er ekki kveðið sérstaklega á um greiðslur vaxta af þeim skaðabótakröfum sem löggin ná til, hvort heldur um er að ræða bætur fyrir galla á hlut eða afleitt tjón af gallanum. Verður því að gera ráð fyrir að með rétt til vaxta af skaðabótakröfu álitsbeiðanda fari samkvæmt vaxtalögum nr. 38/2001. Vaxtakrafa álitsbeiðanda gerð í samræmi við ákvæði framangreindra laga. Álítur kærunefndin að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda vexti eins og hann gerir kröfu til.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Jón Magnússon

---

Álfheiður M. Sívertsen